

Fjallskilaseðill Suður-Dala 2020

Leitir og leitardagar

Fyrsta leit á Bjarnardal fer fram fimmtudaginn 10. september.

Fyrsta leit á Sanddal, Geldingadal, Skarðsafrétt, Svínbjúg, Gautastaðamúla og Laugardal fer fram laugardaginn 12. september.

Fyrsta leit á Bakkamúla fer fram föstudaginn 18. september.

Fyrsta leit á Vatnsfjalli fer fram föstudaginn 11. september.

Fyrsta leit á Austurárdal fer fram föstudaginn 25. september.

Fyrsta leit á Suðurárdal fer fram föstudaginn 18. september.

Fyrsta leit á Villingadal, Skáladal og Þverdal fer fram 18. og 19. september.

Fyrsta leit á Vífilsdal og Hundadal fer fram laugardaginn 19. september.

Önnur leit á Bjarnardal fer fram fimmtudaginn 24. september.

Önnur leit á Bakkamúla fer fram föstudaginn 25. september.

Önnur leit á Gautastaðamúla fer fram laugardaginn 26. september.

Önnur leit á Svínbjúg fer fram föstudaginn 25. september.

Eftirtaldar leitir leitast samkvæmt ákvörðun leitarstjóra, þegar veður leyfir, þó eigi síðar en 15. október:

- Fyrsta og önnur leit á fjallsvæðinu frá Melahólfi um Gæsaahnúk.
- Önnur leit á Austurárdal.
- Þriðja leit á Sanddal.
- Önnur leit á Villingadal og Skáladal.

Á öðrum leitar svæðum fer önnur leit fram laugardaginn 28. september.

Leitarmenn mæti vel búnir og klæðist fötum í áberandi lit.

Leitarstjórar

Bakkamúli: Þorsteinn Jónsson
Gautastaðamúli: Kári Gunnarsson
Svínbjúgur: 1. leit Svavar M. Jóhannsson
2. leit Svavar M. Jóhannsson
Laugardalur: Pálína Kristín Jóhannsdóttir
Vífilsdalur: Hörður Hjartarson
N-Hundadalur: Sigursteinn Hjartarson
Suðurárdalur: Svavar M. Jóhannsson
Austurárdalur: Guðbrandur Þorkelsson
Sanddalur - Mjóidalur: Finnbogi Harðarson
Geldingadalur: Finnur Haraldsson
Bjarnardalur: 1. leit Hörður Hjartarson
2. leit Hörður Hjartarson
Vatnsfjall: Sigurður Hrafn Jökulsson
Skarðsafrétt: Valberg Sigfússon
Villingadalur, Skáladalur, Þverdalur: Jónas Guðjónsson
Melahólf, Gæsaahnúkur: Valberg Sigfússon
Samsmölun Sveinatungu: Finnbogi Harðarson

Leitarstjórar skulu gæta þess að samræmi verði með leitum á samliggjandi leitarsvæðum. Vanti leitarmenn er leitarstjóra heimilt að ráða leitarmenn á kostnað hlutaðeigandi.

Réttir og réttarstjórar

Réttarhald í Fellsendarétt hefst kl. 14 sunnudaginn 13. september, mánudaginn 21. september og sunnudaginn 27. september. Réttarstjóri er Sigursteinn Hjartarson.

Réttarhald í Hólmarétt hefst kl. 10 sunnudaginn 13. september og sunnudaginn 27. september. Réttarstjóri er Þorsteinn Jónsson.

Réttarhald í Kirkjufellsrétt hefst að leit lokinni, laugardagana 12. september og 26. september. Réttarstjóri er Valberg Sigfússon.

Annað

Öllum landeigendum eða umráðamönnum jarða er skylt að smala heimalönd sín fyrir skilarétt sem er 27. september.

Dagsverkið er metið á 15.000 kr. og eru 22 kindur í dagsverki.

Fyrsta , önnur og þriðja leit á Sanddal eru metnar á 1,5 dagsverk.

Í samráði við leitarstjóra á Sanddal verður flutningur á hestum sem fara suður fyrir fjöll skipulagður og greitt fyrir hann.

Vanræki menn að leggja fram dagsverk skv. álagningu þessari ber þeim að greiða þau með 50% álagi til fjallskilasjóðs og skulu leitarstjórar eða fulltrúar í fjallskilanefnd tilkynna sveitarstjóra um það. Gjaldþagi fjallskilagjalda er 1. okt og eindagi 31. okt. Tekjur fjallskilasjóðs eru lögtakskræfar.

Fjallskilasjóður greiðir ekki fyrir flutning á fé frá öðrum svæðum nema í samráði við formann fjallskilanefndar og ekki eftir 15.október. Verðskrá flutninga var ákveðin eftirfarandi:

Jeppi með litla kerru (allt að 15 kinda),	130 kr/km + vsk.
Jeppi með stóra kerru (15 -25 kinda),	160 kr/km + vsk.
Dráttarvél með vagn (25+ kinda),	245 kr/km + vsk.

Formaður fjallskilanefndar mun ráða mann til að fara í Brekkurétt.

Ef kindur úr öðrum fjallskiladeildum koma fram eftir réttir ber að tilkynna það Guðbrandi Þorkelssyni í síma 8480206 eða Svavari Magnúsi Jóhannssyni í síma 4341103-8662055.

Fjallskilanefnd Suður-Dala,

Svavar M. Jóhannsson, formaður

Finnbogi Harðarson

María Hrönn Kristjánsdóttir

Guðrún Esther Jónsdóttir

Guðbrandur Þorkelsson